

# Fréttabréf Gæðastjórnunarfélags Norðurlands

- janúar 2017 -

## Kynning á LEAN manufacturing

Þann 5. janúar síðast liðinn kom Pétur Arason eigandi Manino til Akureyrar og kynnti LEAN námskeið á Greifanum. Námskeiðið hefur hingað til verið haldið í Reykjavík en Pétur hefur mikinn áhuga á að vera með námskeið hér á Akureyri fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem vilja læra um LEAN (straumlínustjórnun) eða vilja innleiða kerfið inn í fyrirtæki.

Skemmtileg og áhugaverð kynning hjá Pétri og voru nokkrir sem lýstu áhuga sínum á að fara á námskeiðið. Stefnt er á að halda það á næsta starfsári.

## Gæðadagur á Akureyri

Gæðastjórnunarfélag Norðurlands hefur verið að vinna að því að skipuleggja Gæðadag hér á Akureyri. Gæðadagurinn verður þann 23. febrúar eftir hádegi. Hann verður svipaður í sniðinu og sá sem var á Siglufirði í september. Við munum heimsækja þrjú fyrirtæki hér á Akureyri, Slippinn, Norðlenska og Norðurorku. Á þessum degi er áhersla lögð á að sjá gæðakerfi fyrirtækjanna í notkun. Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

## Ný aðildarfélög

HeiðGuðByggir ehf. og Vaxandi - ráðgjöf ehf. hafa nú gengið í Gæðastjórnunarfélag Norðurlands við bjóðum þau velkomin í félagið.

## Annað

Staðlaráð Íslands er að leggja lokahöndina á þýðingu á ISO 9001:2015 staðlinum. Þegar þýðingu er lokið munum við auglýsa kynningu við fyrstu hentugleika.

## Hafðu samband

Við hvetjum þig til að hafa samband ef þú ert með hugmynd að atburði, ábendingu eða vilt koma einhverju á framfæri. Pósthólfíð okkar er [gaedastjornun@gmail.com](mailto:gaedastjornun@gmail.com)

Jafnframt bendum við á heimasíðu félagsins (<http://gaedastjornun.weebly.com/>) og Facebook síðuna Gæðastjórnunarfélag Norðurlands.

## **Bestu kveðjur frá stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands,**

Fannberg Jensen í B. Jensen, Egill í Mjólkursamsölunni, Hannes á Rafeyri, Þóra Ýr í Ramma og Þórdís Huld í Becromal.